

Fundargerð

297. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 16. desember 2020 kl. 9⁰⁰–10¹⁰.

Framhaldið föstudaginn 18. desember 2020 8³⁰–10⁰⁰

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt, án áritunar.

2. Úrvinnslusjóður.

Lagðir voru fram á fundinum tölvupóstar frá UAR vegna samskipta ráðuneytisins við ESA út af framkvæmd framleiðendaábyrgðar. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. Umræðu frestað.

Lögð voru fram á fundinum frá UAR drög að samanburðarskjali vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Ráðherra vill leggja fram frumvarp um breytingar lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald á komandi vorþingi og frumvarpið verði lagt fram í samráðsgátt stjórnarráðsins í lok janúar 2021. Ákveðið að halda áfram umræðu á næsta fundi.

3. Flutningsjöfnun.

ÓK fór yfir með glærum forsendur og fyrirkomulag flutningsjöfnunar. Farið var yfir reiknilíkan við ákvörðun á endurgjaldi fyrir flutning innanlands. Niðurstaðan er sett upp í verðskrá flutningsjöfnunar og er notuð til útreikninga í skilagreinum. Hún jafnframt birt á vef Úrvinnslusjóðs.

Rætt var um hvort að flutningsjöfnum gæti verið sveigjanlegri. ÓK fór yfir að flutningsjöfnun væri sett upp með sveitarfélögin í huga til að jafna aðstöðu íbúa gangvart söfnun á flokkuðum úrgangi.

HH og BSB yfirgáfu fund kl. 10. LÓ yfirgaf fund 10:05.

Umræðu frestað.

Ákveðið að fresta fundi til föstudagsins 18. desember kl. 8:30. Dagskrárliðum 3-9 framhaldið þá.
Fundir frestað kl. 10:10

Fundi framhaldið föstudaginn 18. desember 2020.

Stjórn ræddi um núllpunkta sem væru í núverandi kerfi og hvaða áhrif það hefur á innlenda ráðstöfunaraðila. Kerfi Úrvinnslusjóðs tekur eingöngu mið af næstu útflutningshöfn. Engin vandkvæði eru á að fjölga núllpunktum ef þess er þörf. Farið var yfir að Úrvinnslusjóður á aldrei úrganginn. Það er því á forræði úrgangshafa/þjónustuaðila við hvaða viðurkennda ráðstöfunaraðila hann á viðskipti við. Stjórn er sammála um að halda óbreyttri flutningsjöfnun, en taka málið upp aftur á næsta ári.

4. Erindi.

Lagt var fram á fundinum erindi frá PNR sem snýr að flutningsjöfnun, endurgjaldi fyrir blandaðar plastumbúðir frá heimilum, óhreinindahlutfall heyrúlluplasts og greiðslu endurgjalds fyrir endurunnið heyrúlluplast sem framleitt er inná lager. Tillaga um að framlengja fyrirkomulag um greiðslu fyrir framleiðslu á heyrúlluplasti inn á lager um sex mánuði. Fyrirkomulagið nái auk þess yfir plastumbúðir. Starfsmönnum Úrvinnslusjóðs falið að fara yfir hlutfall óhreininda í heyrúlluplasti og koma með tillögu til stjórnar þurfi að breyta því sem og breytt endurgjald fyrir heyrúlluplast.

Stjórn samþykkir að greiða fyrir framleiddar perlur inná lager bæði sem unnar eru úr heyrúlluplasti sem og öðrum plastumbúðum til og með 1. janúar 2022.

BGH yfirgefur fund kl. 9:35

5. Pappaumbúðir.

Farið var yfir forsendur fyrir útreikning á framlegð fyrir pappaumbúðir í samhengi við þróun á mörkuðum með pappa. Stjórnarmenn ræddu forsendur.

Stjórn samþykkir að lækka endurgjald vegna meðhöndlunar á pappaumbúðum í 18 kr/kg. frá með 1. janúar 2021.

6. Drifraflöður.

Lagt var fram á fundinum minnisblað um stöðu mála og hver verði næstu skref við innleiðingu úrvinnslugjalds á drifraflöður.

7. Raftæki.

Á síðasta fundi var greint frá því að Terra Efnaeyðing hefði tilkynnt sjóðnum um að komnar séu upp nýjar aðstæður við ráðstöfun kælitækja innanlands. Óskað var eftir framlegðarútreikningi vegna meðhöndlunar á kælitækjum.

Stjórn samþykkir að hækka endurgjald fyrir kælitæki í 90 kr/kg tímabundið frá 1. janúar 2021 til 31. mars 2021.

8. Fundaáætlun

Lögð var fram á fundinum tillaga um að fundir verði á 2ja vikna fresti og fyrsti fundur á nýju ári verði fimmtudaginn 14. janúar 2021.

9. Önnur mál.

Lagt var fram á fundinum minnisblað um svar Vöku við fyrirspurn vegna starfsleyfis fyrirtækisins við meðhöndlun á ökutækjum.

Næsti fundur 14. janúar 2021 kl. 8:30

Fundi slitið kl. 10.10 miðvikudaginn 16. desember 2020

Fundi slitið kl. 10:00 föstudaginn 18. desember 2020